14.09.2026

Verklagsreglur um ritun fundargerða og birtingu fundargagna hjá Sveitarfélaginu Vogum

1. gr. Markmið

Markmið verklagsreglna þessara er að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við undirbúning funda, ritun fundargerða og birtingu fundargagna hjá Sveitarfélaginu Vogum. Reglunum er ætlað að styðja við faglega, skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu og greiða aðgengi íbúa að upplýsingum um störf bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda.

Við framkvæmd reglna þessara skal ávallt fara að ákvæðum sveitarstjórnarlaga, upplýsingalaga, stjórnsýslulaga, laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga og annarra laga eftir því sem við á.

2. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um ritun fundargerða og birtingu fundargagna vegna funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda Sveitarfélagsins Voga.

Um fundarsköp, fundarboð, fundartíma og önnur atriði sem mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga fer samkvæmt þeirri samþykkt.

3. gr. Ritun fundargerða

Fundargerðir skulu vera skýrar, hnitmiðaðar og endurspegla afgreiðslu og niðurstöðu þeirra mála sem tekin eru fyrir.

Við ritun fundargerða skal leitast við að viðhafa samræmt orðalag og framsetningu milli stjórnsýslueininga sveitarfélagsins.

Með fundargerðum er tryggð varðveisla mikilvægra upplýsinga, svo sem um það hvar og hvenær fundur fór fram, hverjir tóku þátt í fundinum, hvaða mál voru rædd og um niðurstöður mála. Með reglum þessum er ætlunin að samræma verklag við ritun fundargerða og opinbera birtingu þeirra og fundargagna.

Fundargerð skal að lágmarki innihalda þær upplýsingar sem leiða af samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga og sveitarstjórnarlögum. Fundarritarar skulu hafa hliðsjón af leiðbeiningum frá innviðaráðuneytinu um ritun fundargerða, sbr. auglýsingu nr. 1181/2021.

Umræður á fundum skulu almennt ekki raktar í fundargerð nema sérstök ástæða sé til eða lög mæli fyrir um annað.

4. gr. Bókanir

Fulltrúar eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem er til umræðu eða meðferðar hjá bæjarstjórn, ráði eða nefnd. Bókanir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð og skal leitast við hafa þær hnitmiðaðar og skýrar.

5. gr. Fundargögn

Fundargögn teljast þau gögn sem lögð eru fram til umfjöllunar eða afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda.

Leitast skal við að fundargögn séu skýr, greinargóð og fullnægjandi til að varpa ljósi á það mál sem til umfjöllunar er.

6. gr. Birting fundargagna

Fundargerðir skulu birtar á vef sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga.

Fundargögn sem lögð eru fram til umfjöllunar eða afgreiðslu skulu að jafnaði birt samhliða fundargerð, nema annað leiði af lögum eða reglum þessum.

Sé fundargagn ekki birt skal það ekki hafa áhrif á birtingu fundargerðar.

7. gr. Undantekningar frá birtingu

Ekki skulu birt fundargögn, eða þeir hlutar þeirra sem óheimilt er að birta, þegar gögnin eða upplýsingarnar eru undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 eða öðrum lögum, þar á meðal þegar um er að ræða:

1. Vinnugögn samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.
2. Gögn sem tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað, að því marki sem undanþága frá upplýsingarétti á við.
3. Gögn sem varða málefni einstakra starfsmanna sveitarfélagsins eða önnur persónuleg málefni einstaklinga.
4. Gögn sem sæta lögbundinni þagnarskyldu.
5. Gögn sem teljast trúnaðarmál eða varða einka- og/eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja eða annarra lögaðila.
6. Gögn sem varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins eða annarra, þegar skilyrði undanþágu samkvæmt upplýsingalögum eða öðrum lögum eru uppfyllt.
7. Gögn sem varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga, að því marki sem lög heimila undanþágu frá upplýsingarétti.
8. Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga eða annarra laga.

Þegar unnt er skal leitast við að afmá eða fjarlægja þær upplýsingar sem ekki má birta fremur en að fella niður birtingu skjals í heild.

8. gr. Ábyrgð

Sá starfsmaður sem undirbýr fundargögn ber ábyrgð á að meta hvort takmarkanir á birtingu geti átt við áður en gögn eru birt.

Fundarritari ber ábyrgð á ritun fundargerðar og birtingu hennar samkvæmt reglum þessum.

Ef vafi leikur á um birtingu fundargagna sker bæjarstjóri úr um það. Hægt er að vísa ákvörðun bæjarstjóra til bæjarstjórnar.

9. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga og öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.